



ORKUBÚ VESTFJARÐA

2019
ÁRSSKÝRSLA



2

Reiðhjallavirkjun á góðum sumardeggi.

EFNISYFIRLIT

Stjórn og stjórnskipulag	3
Formáli	4
Ávarp stjórnarformanns	6
Rekstrartruflanir	9
Orkusvið	10
Veitusvið	11
Vatnsaflsvirkjanir	12
Díselstöðvar	13
Íbúafjöldi á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða	14
Orkudreifing	15
Orkuöflun	16
Lykiltölur úr dreifikerfi	18
Raforkukerfi Vestfjarða	19
Kyndistöðvar	20

STJÓRN OG STJÓRNSKIPULAG

Stjórn Orkubús Vestfjarða

Formaður: Illugi Gunnarsson


Varaformaður: Friðbjörg Matthíasdóttir

Ritari: Elsa Kristjánsdóttir
Gísli Jón Kristjánsson
Ingibjörg Benediktsdóttir

Varamenn: Ragnheiður Hákonardóttir
Steinþór Bjarni Kristjánsson
Magni Hreinn Jónsson
Viktória Rán Ólafsdóttir
Eysteinn Jónsson

3

Skipurit Orkubús Vestfjarða



FORMÁLI

Heildarvelta Orkubús Vestfjarða á árinu 2019 var 2.892 milljónir króna og jókst um 1,8% á milli ára. Rekstrargjöldin hækkuðu um 7% á milli ára á meðan fjármagnsgjöld lækkuðu um 34 milljónir. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) lækkaði úr 721 milljón í 627 milljónir króna. Hagnaður fyrirtækisins lækkaði um 44 milljónir króna og var hagnaður síðasta árs 200 milljónir. Aukin raforkukaup frá öðrum vegna minni eigin framleiðslu, drógu úr hagnaði, en auk þess var tjónakostnaður meiri en árið á undan. Þá hækkaði rekstrarkostnaður vegna hitaveitna nokkuð umfram tekjur vegna dýrari olíu á olíukatla, sem eru varaafli fyrir rafskautakatlana. Bilanir í virkjunum á síðasta ári höfðu einnig í för með sér aukinn rekstrarkostnað.

Orkubúið hefur á undanförunum árum verið í miklum fjárfestingum og fjárfesti í varanlegum rekstrarfjármunum að fjárhæð 698 milljónir króna á árinu 2019, en það er svipuð fjárhæð og árið á undan. Þrátt fyrir að hafa aukið skuldir, er eiginfjárstaða Orkubúsins sterk auk þess sem það hefur traustan tekjugrunn. Fjárfestingarnar sem ráðist hefur verið í eru mikilvægur þáttur í að auka afhendingaröryggi og tekjur félagsins til frambúðar.

Framleiðsla

Eigin framleiðsla Orkubúsins var 90 GWst á síðasta ári og minnkaði því um 5 GWst. Framleiðslan er svipuð og hún var 2016 og er um 5% yfir meðaltali síðustu 10 ára. Framleiðsla bændavirkjana minnkaði um 2%.

Framleiðsla raforku í varaafsstöðvum Orkubúsins minnkaði hinsvegar úr 604 MWst í 401 MWst, en framleiðsla á varaafli gefur ákveðna vísbendingu varðandi umfang straumleysis á árinu. Heildarorkuöflun var 266 GWst, þar af var orkuöflun vegna raforkusölu 163 GWst en 103 GWst voru vegna hitaveitusölu. Eigin vinnsla vegna raforkusölu var 55,5% en vegna hitaveitusölu var eigin orkuöflun 18,5%.

Áreiðanleiki kerfisins

Til að meta gæði afhendingar á raforku er umfang og tími ásamt orsök straumleysistilvika skráð. Allar dreifiveiturnar skrá slík tilvik hjá sér. Landsnet skráir síðan sérstaklega truflanir í sínu kerfi, flutningskerfinu. Áreiðanleiki afhendingar til notenda er að sjálfsögðu háður bæði flutnings- og dreifikerfinu. Vestfirðir eru eingöngu tengdir landskerfinu með einni línu, Vesturlínu, en á móti kemur að mikið varafl er til reiðu með mjög stuttum viðbragðstíma. Áreiðanleikastuðull dreifikerfis Orkubús Vestfjarða var 99,976 árið 2019, en 99,945 ef kerfi Landsnets er tekið með í útreikninginn.

Mikilvægi varaaflsins á Vestfjörðum hefur komið skýrt í ljós á undanförunum árum, en uppsett afl

í varaafli er nánast 100%. Bilanir í dreifikerfinu geta samt komið í veg fyrir að allir notendur hafi aðgang að varaafli þegar þörf er á. Stöðugt er unnið að umbótum í dreifikerfinu til að draga úr straumleysistilfellum og umfangi þeirra. Það er ljóst að öflug virkjun eða virkjanir innan veitusvæðis Orkubús Vestfjarða geta stórbætt raforkuöryggið og minnkað þörfina fyrir keyrslu varaafls. Aukin orkuframleiðsla hefur þannig bein áhrif á afhendingaröryggi fyrir nýja starfsemi sem krefst forgangsorku innan Vestfjarða. Það er mikið hagsmunamál fyrir Orkubú Vestfjarða, sem dreifiveitu, burtseð frá því hver framleiðandi orkunnar er. Ekki má þó gleyma að hringtengingar innan flutningskerfisins á Vestfjörðum eru einnig afar mikilvægar fyrir afhendingaröryggið. Þær duga þó ekki einar og sér ef ekki er aðgengi að orku til að flytja.

Góður árangur af jarðhitaleit í Súgandafirði

Byrjað er að nýta nýja borholu að Laugum í Súgandafirði inn á veitukerfið. Afkastageta holunnar til lengri tíma litið er ekki orðin ljós, en fyrstu dælingar lofa góðu umframhaldið. Mikilvægt er að fá sem besta yfirsýn á jarðhitakerfið, enda getur það komið að gagni við mat á jarðhitakerfum í grennd, t.d. í Skutulsfirði.

Styrking veitukerfisins – aukið afhendingaröryggi

Í desember á síðasta ári minntu náttúruöflin hressilega á mikilvægi styrkingar innviða á Íslandi, þ.á.m. hvað varðar afhendingaröryggi raforku. Veðurofsinn varð þó ekki jafn mikill á Vestfjörðum og hann hefur stundum orðið áður. Vestfirðingar fengu hins vegar sinn sker í byrjun þessa árs, en alvarlegustu bilanirnar mátti rekja til snjóþyngsla og seltumyndunar í aðveitustöðvum og spennuvirkjum bæði hjá Orkubúi Vestfjarða og Landsneti. Orkubúið hefur brugðist við þessu í framkvæmdaáætlun ársins 2020 og verður m.a. farið í miklar endurbætur í aðveitustöð á Patreksfirði þar sem háspennurofar verða endurnýjaðir ásamt því að þar verður settur nýr 66 kV aflspennir. Á Keldeyri fyrir botni Tálknafjarðar

verður gömlum aflspenni skipt út ásamt því að háspennurofar verða endurnýjaðir. Í aðveitustöð í Breiðadal verður skipt um aflspenni og skilið á milli dreifikerfis og flutningskerfis. Þetta er þó einungis hluti framkvæmda á áætlun ársins 2020, en alls er reiknað með 625 milljónum króna í nýframkvæmdir á árinu.

Farið er yfir helstu framkvæmdir ársins 2019 og áætlaðar framkvæmdir árið 2020 hér á eftir í köflum um orkusvið og veitusvið.

Samkeppni á raforkumarkaði

Orkubú Vestfjarða hefur um árabil verið með eitt lægsta raforkuverðið til almennings. Margir viðskiptavinir hafa sýnt ánægju sína í verki með því að færa viðskipti til Orkubúsins. Orkubúið þakkar öllum viðskiptavinum góð viðskipti.

Starfsfólki Orkubús Vestfjarða þakka ég vel unnin störf og gott samstarf. Þá eru stjórn fyrirtækisins færðar þakkir fyrir gott samstarf.

Elías Jónatansson
orkubússtjóri



Starfsmenn hreinsa snjó og ísingu af spennu í tengivirki í Breiðadal í Önundarfirði.

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Undanfarnir mánuðir og misseri hafa verið afar krefjandi fyrir starfsfólk Orkubús Vestfjarða. Ber þar kannski tvennt hæst. Annars vegar mikil vetrarveður og hins vegar hvolfdist yfir á útmánuðum faraldur sem hafði mikil áhrif, einkum á norðanverðum Vestfjörðum.

Veirufaraldurinn hafði mikil áhrif á skipulag starfsemi Orkubúsins. Gæta þurfti mjög að öllu öryggi einkum í ljósi þess að þá þegar faraldurinn stóð sem hæst var enn allra veðra von og mikið lá því við að geta fyrirtækisins til að bregðast við áföllum væri óskert. Orkubússtjóri og starfsmenn fyrirtækisins leystu vel úr þeim vanda, allt skipulag tók mið af því að lágmarka líkurnar á því að smit gengi á milli manna innan fyrirtækisins og að sem best væri tryggt að starfsemin færi ekki úr skorðum. Fyrir alla þá vinnu kann ég Orkubússtjóra og starfsmönnum öllum miklar þakkir.

Ekki telst það til tíðinda að veður séu stór og ill á starfssvæði Orkubúsins. En óveðrin á þessum vetri ásamt snjóflóðum í Öfundarfirði voru einkar hörð. Mikið reyndi á raforkukerfi landsmanna og svo mjög að horfa þarf nokkuð langt aftur til að finna dæmi um jafn umtalsverðar truflanir í dreifingu rafmagns eins og raun varð á í vetur.

Orkubú Vestfjarða var vel undir þessa prófraun búið og búum við að þeirri reynslu sem starfsmenn okkar hafa aflað sér við oft og tíðum afar krefjandi aðstæður. Jafnframt hefur raforkuöryggi verði bætt á síðustu árum og sannarlega hafa þær aðgerðir sem ráðist var í kjölfar vandræðanna sem komu upp 2012 skilað árangri. En betur má ef duga skal og því fagna ég mjög þeirri vinnu sem ríkisstjórnin hefur ráðist í til þess að efla innviði raforkukerfisins. Það hefur um langa hríð verið mikið baráttumál Vestfirðinga að auka afhendingaröryggi raforku í fjórðungnum og vonandi hillir undir afgerandi aðgerðir í þá veru nú á næstu misserum og árum.

Sökum faraldursins neyddist stjórnin til þess að halda fundi sína í gegnum fjarfundarbúnað. Reynslan af þeim fundum var ágæt og ástæða til að hafa það form funda í handraðanum. En ég er þeirrar skoðunar að sú tækni eigi ekki að koma í stað funda þar sem stjórnarmenn hittast á Ísafirði og ræða saman við fundarborð. Persónuleg samskipti stjórnarmanna innbyrðis og við lykilstarfsmenn Orkubúsins skipta máli og styrkja tengsl stjórnarmanna við fyrirtækið.

Störf stjórnar Orkubús Vestfjarða hafa því um margt markast af þeim aðstæðum sem hér hafa verið reifaðar. Síðastliðið haust fór fram



Í Borgarhvilft á leiðinni í olíuskipti í Mjólka III í Borgarhvilft.

stefnumótunarvinna á vegum stjórnarinnar með aðkomu framkvæmdastjóra og ráðgjafa. Unnin var grunnvinna sem nýta á til áframhaldandi stefnumótunar. Faraldurinn og áföll í veðri gerðu það að verkum að ekki var lengra komist í þeirri vinnu og er það því í verkahring nýrrar stjórnar að ljúka stefnumótuninni á næsta starfsári. Í þeirri vinnu hefur m.a. verið litið til þess hvernig Orkubú Vestfjarða á að vinna með þeim sem vilja ráðast í uppsetningu og rekstur smávirkjana, hvernig fyrirtækið getur best fótast sig í samkeppnisumhverfi um orkusölu, hvernig markmiðum í umhverfismálum verði best náð og hvernig fyrirtækið geti stutt við stefnu stjórnvalda í orkuskiptum.

Allt eru þetta viðamiklir málaflokkar sem hafa veruleg áhrif á dagleg störf yfirstjórnar Orkubúsins sem og allra starfsmanna. Miklu skiptir að vel takist til við þessa stefnumótun þannig að fyrirtækið sé í færum með að sinna sem best sínu lögbundna hlutverki.

Raforkuöflun og dreifing eru ein grunnstoða samfélagsins og atvinnulífs og allt mannlíf á Vestfjörðum þarf að geta treyst því að raforku sé dreift með öruggum og hagkvæmum hætti.

Kjarasamningar hafa staðið yfir frá því á síðasta ári og lauk þeim nú nýverið með undirritun kjarasamninga. Af hálfu Orkubúsins var sú leið farin að formaður stjórnar og varaformaður tóku virkan þátt í samningafundum ásamt Orkubússtjóra.



Leitin að Blævardalsárvirkjun.

Með þessu verklagi var tryggt að stjórnin og Orkubússtjóri væru samstiga í samningagerð fyrir hönd fyrirtækisins og jafnframt var þung áhersla lögð á það að þeir kjarasamningar sem Orkubúið ætti aðild að væru í samræmi við stefnu ríkisins í kjaramálum og þar með í takti við nýgerða „Lífskjarasamninga“. Það er mat mitt að vel hafi tekist til, gott traust var á milli samningsaðila í viðræðunum, tekin voru mikilvæg skref í átt til styttingu vinnuvikunnar og skerpt var á ýmsum réttindamálum starfsfólks. Hvað launaliðinn sjálfan varðar var horft til „Lífskjarasamninga“ sem og þeirra kjarasamninga sem önnur orkufyrirtæki hafa gert við sína starfsmenn.

Afkoma Orkubús Vestfjarða var vel viðunandi á liðnu ári sé litið til þess kostnaðarauka sem erfið tíð hafði í för með sér. Ársreikningur fyrirtækisins ber með sér að fyrirtækið er í sterkri stöðu og

ágætlega í stakk búið til að bæta í framkvæmdir á næstu misserum og árum. Aukin orkuöflun ásamt styrkingu dreifikerfis hljóta að vera í forgrunni ásamt ýmsum öðrum verkefnum stórum og smáum sem falla undir markmið Orkubús Vestfjarða.

Að lokum vil ég færa Orkubússtjóra, Elíasi Jónatanssyni og starfsfólki öllu mínar bestu þakkir fyrir samstarfið á starfsárinu. Jafnframt vil ég þakka sérstaklega stjórnarmönnum fyrir samstarfið innan vébanda stjórnarinnar. Stjórnarmenn koma úr mismunandi áttum eins og gengur og gerist, en mikil og góð samstaða ríkir innan stjórnarinnar og vilji til að vinna fyrirtækinu sem best gagn. Að lokum vil ég þakka viðskiptavinum Orkubúsins nær og fjær fyrir ánægjuleg viðskipti.

Ilugi Gunnarsson
formaður stjórnar Orkubús Vestfjarða



REKSTRARTRUFLANIR

Bilanir í hitaveitukerfum árið 2019 voru samtals 12 en voru 15 árið áður. Í rafveitukerfinu voru samtals 160 truflanir en voru 159 árið áður.

Gæði raforku og afhendingaröryggi fyrir árið 2019

Heiti á stuðli	Skamm- stöfun	Eining	Útkoma ársins	Markmið OV
Stuðull um rofið álag	SRA	MW/MW ár	0,55	<1,6
Stuðull um meðallengd skerðingar	SMS	mínútur/ár	123,4	<350
Kerfismínútur, rof undir 1 mínútu	KM0	Fjöldi	71	
Kerfismínútur, rof undir 10 mínútum	KM1	Fjöldi	7	
Kerfismínútur, rof undir 100 mínútum	KM2	Fjöldi	2	<3
Kerfismínútur, rof undir 1000 mínútum	KM3	Fjöldi	0	0
Stuðull um skerta orkuafhendingu	SSO	MW * klst/MW ár	1,27	
Stuðull um meðalskerðingu álags	SMA	MW/truflun	0,31	
Fjöldi straumleysistilvika á notanda (SAIFI)	FSN	truflanir/notanda*ár	0,89	
Tímalengd straumleysis á notanda (SAIDI)	TSN	klst/notanda*ár	2,06	
Tímalengd straumleysis á tilvik skerðingar (CAIDI)	TSF	klst/tilvik*ár	2,31	
Áreiðanleikastuðull	AS	klst/klst	99,97653	



Starfsmaður hreinsar ísingu af Súðarvíkurlínu milli Engidals og Álfafjarðar.

ORKUSVIÐ

Helstu framkvæmdir ársins 2019

- Grafinn var 400 metra langur og 8 metra djúpur skurður sem er fyrsti áfangi í Hofsárveitu efri. Skurðurinn er yfirfall úr Grímsvatni í landhæð 577 metrum y.s. Lokafrágangur var gerður á stöðvarhúsi Mjólka I og II.
- Útbúinn var 1.719 fermetra borteigur fyrir nýja borholu á jarðhitasvæðinu á Laugum í Súgandafirði. Borað var fyrir 10 ¾" fóðringu niður á 367 metra dýpi og með 8 ½" borkrónu þar fyrir neðan. Lokadýpi var 1.127 metrar og ein æð fannst á 919 metrum sem lofar góðu.
- Einnig voru boraðar þrjár hitastigulsholur á Hvilftarströnd í Önundarfirði og þrjár í Syðridal í Bolungarvík sem gáfu engar vísbendingar um jarðhita.

Helstu framkvæmdir ársins 2020

- Ný borhola á Laugum verður prófuð og virkjuð með meðal annars niðurstetningu á djúpvatnsdælu. Vonir standa til að nýja holan geti orðið til þess að Suðureyri yrði sjálfbær með jarðhita.
- Bergleki verður kannaður á Patreksfirði með dæluprófunum úr gömlum hitastigulsholum.
- Gangráður verður endurnýjaður í Þverárvirkjun í Steingrímsfirði.



Haukadalslína sett í jörðu í Dýrafirði.

VEITUSVIÐ

Helstu framkvæmdir ársins 2019

- Endurbætur voru gerðar við flugvöll á Ísafirði og lokið við að setja Arnardalsstreng í jörðu.
- Haukadalslína í Dýrafirði var endurnýjuð með þriggja fasa jarðstreng frá Skeiði að Sveinseyri.
- Bolungavíkurlína 3 var endurnýjuð með þriggja fasa jarðstreng í Syðridal.
- Nýtt 11kv háspennufelt var sett upp í aðveitustöð Breiðadal.
- Háspennustrengur í Túngötu á Ísafirði var endurnýjaður.
- Á Barðaströnd var lokið við lagningu þriggja fasa jarðstrengs að Flókalundi.
- Unnið var að frágangi vegna nýrrar varaafslvélar á Patreksfirði ásamt undirbúningi fyrir næsta áfanga í sjálfvirkni ræsingar.
- Undirritaður var kaupsamningur á geymsluhúsnæði í nýjum iðngörðum við Vatneyri á Patreksfirði.
- Sett var upp hraðhleðslustöð í Flókalundi.
- Lokið var við plægingu Bjarnafjarðarlínu út að Kaldrananesi.
- Reykhólalína var plægð niður við Borg og Hafrafell og lítill hluti Kollafjarðarlínu settur í jarðstreng við Ódrjúgsháls.
- Endurnýjaður jarðstrengur vegna vegagerðar í Norðurfirði.
- Tekin var í notkun hraðhleðslustöð við Bjarkalund.
- Lagður var sæstrengur yfir Skötufjörð og nær þriggja fasa kerfið í Djúpi nú að Hvítanesi.

11


Helstu framkvæmdir ársins 2020

- Spennistöðvar í Dýrafjarðargöngum verða tengdar og göngin spennusett.
- Farið verður í breytingar í aðveitustöð í Breiðadal. Þar verður skipt um aflspenni og skilið á milli dreifikerfis og flutningskerfis.
- Búnaður verður endurnýjaður í spennistöð á Skeiði í Dýrafirði.
- Jarðstrengur í Syðridal í Bolungarvík verður tengdur með nýjum spennistöðvum.
- Haldið verður áfram að styrkja dreifikerfið, m.a. verður kaflinn frá Þórustöðum að Grundarenda í Önunðafirði endurnýjaður með jarðstreng.
- Farið verður í miklar endurbætur í aðveitustöð á Patreksfirði. Skipt verður um 11 kV aflrofa og háspennufelt. Settur verður upp nýr 66 kV aflspennir.
- Á Keldeyri verður aflspennir endurnýjaður ásamt háspennufelti og öðrum háspennubúnaði.
- Hafist verður handa við endurnýjun Rauðasandslínu með jarðstreng.
- Tekið verður í notkun nýtt geymsluhúsnæði á Patreksfirði.
- Við Hríshól í Reykhólahreppi verður sett upp nýtt rofahús.
- 33 kV aflrofi fyrir Hólmavíkurlínu 2 verður endurnýjaður í aðveitustöð í Geiradal.
- Millispennir fyrir Norðurlínu verður stækkaður við Selá í Steingrímsfirði.
- Haldið verður áfram að bæta dreifikerfið með jarðstrengjum og spólum. Háspennurofar verða endurnýjaðir markvisst og eldri gerðum skipt út.

VATNSAFLSVIRKJANIR

	Ástimplað afl kW	2019 MWst	Framleiðsla 2018 MWst	Meðaltal 2008-2019 MWst	Breyting % 2019 miðað við meðaltal 2018	
Mjólkárvirðjun	11.200	70.626	72.687	66.391	6,38	-2,84
Þverárvirðjun	2.200	5.464	7.036	6.219	-12,14	-22,34
Nónvirðjun	500	991	1.382	1.174	-15,59	-28,29
Fossárvirðjun	1.200	5.416	5.111	4.180	29,57	5,97
Tungudalsvirðjun	700	4.214	4.612	4.806	-12,32	-8,63
Reiðhjallavirðjun	520	1.685	1.838	1.858	-9,31	-8,32
Blævardalsárvirðjun	300	1.401	1.650	1.457	-3,84	-15,09
Mýrarárvirðjun	60	431	303	302	42,72	42,24
Samtals eigin virðjanir	16.680	90.228	94.619	86.387	4,45	-4,64
Bændavirðjanir	4.736	20.405	20.834	19.337	5,52	-2,06
Samtals virðjanir á Vestfjörðum	21.416	110.633	115.453	105.724	4,64	-4,17

Raforkuframleiðsla vatnsaflsvirðjana 1993 - 2019



DÍSELSTÖÐVAR

	Ástimplað afl kW	Framleiðsla 2019 MWst	Framleiðsla 2018 MWst
Ísafjörður	4.760	3	52
Súðavík	1.550	36	6
Suðureyri	700	1	7
Flateyri	420	1	1
Pingeyri	1.950	7	7
Samtals svæði I	9.380	48	73
Bíldudalur	1.150	22	96
Patreksfjörður	4.700	30	184
Flatey	112	209	231
Samtals svæði II	5.962	261	511
Reykhólar	700	22	9
Hólmavík	1.250	50	8
Drangsnæs	420	7	2
Samtals svæði III	2.370	79	19
Reykjanes	641	13	1
Samtals svæði IIII	641	13	1
Alls	18.353	401	604

13




Vinna við tengivirki í Breiðadal í Önundarfirði.

ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI ORKUBÚS VESTFJARÐA

	Íbúatala 1.12.2019	Breyting frá 1.12.2018	Íbúatala 1.12.2018	Breyting frá 1.12.2017
Svæði I				
Bolungarvík	960	10	950	0
Ísafjarðarbær	3.810	10	3.800	90
Súðavíkurbær	210	10	200	10
Samtals svæði I	4.980	30	4.950	100
Svæði II				
Tálknafjarðarhreppur	250	-10	260	20
Vesturbyggð	1.020	20	1.000	-20
Samtals svæði II	1.270	10	1.260	0
Svæði III				
Árneshreppur	45	5	40	-5
Bæjarhreppur	75	-23	98	8
Kaldrananeshreppur	110	10	100	-10
Reykholahreppur	260	0	260	-20
Strandabyggð	460	10	450	0
Samtals svæði III	950	2	948	-27
Alls	7.200	42	7.158	73

Orkunotkun pr. íbúa 1978-2019




ORKUDREIFING

Gjaldskrár- liður	Heiti	Mælafjöldi	MWst 2019	MWst 2018	Mismunur '19 - '18 %
A1	Almenn notkun	3.256	47.620	46.145	3,20
A3	Utanhússlýsing *)	44	1.897	1.896	0,05
A4	Blönduð notkun ***)	1.665	44.589	46.782	-4,69
B1	Aflmæling	74	25.206	26.293	-4,13
B13	Skerðanlegur flutningur	9	33.278	29.897	11,31
C1	Hitun íbúðarhúsnæðis	96	3.812	3.969	-3,96
D1	Hitun, annað	124	5.352	5.932	-9,78
D3	Varmadælur	2	938	887	5,75
H49	Hitaveita, íbúðarhúsnæði **)	1.230	47.038	48.657	-3,33
H498	Hitaveita, stórnótendur **)	20	27.854	27.036	3,03
H48	Hitaveita, annað	224	14.417	15.363	-6,16
		6.744	252.001	252.857	-0,34

*) Notkun áætluð miðað við 4.200 nýtingartíma.

**) Notkun er áætluð á Suðureyri 35 kWst og á Reykhólum 52 kWst úr m3 vatns.

***) Einn mælir og notkun skipt 85% hiti og 15% almenn notkun.



ORKUÖFLUN


	Orkuöflun 2019 MWst	Hlutdeild í heildarorku- öflun %	Orkuöflun 2018 MWst	Mismunur '19- '18 %
Vatnsaflsvirkjanir	90.228	33,87	94.619	-4,64
Díselrafstöðvar	401	0,15	604	-33,59
Olíukatlar	2.553	0,96	2.739	-6,80
Jarðhiti *)	16.577	6,22	16.802	-1,34
Samtals eigin vinnsla	109.759	41,20	114.764	-4,36
Forgangsorka	42.989	16,14	43.177	-0,43
Raforka til hitunar	87.106	32,70	87.306	-0,23
Jöfnunarorka	10.281	3,86	4.290	139,65
Forgangsorka frá bændavirkjunum	16.263	6,10	17.420	-6,65
Samtals orkukaup	156.639	58,80	152.193	2,92
Orkuöflun v/raforkusölu	163.220	61,27	163.427	-0,13
Orkuöflun v/hitaveitusölu	103.178	38,73	103.530	-0,34
Heildarorkuöflun	266.398		266.957	-0,21

*) Áætlað


Orkuöflun vegna raforkusölu 2019
Samtals 163,2 GWst

Orkuöflun vegna hitaveitusölu 2019
Samtals 103,2 GWst

Skipting orkudreifingar 1978–2019



Þróun orkuverðs 1992–2019



Almennur taxti 1992 = 100. Miðað við taxa A.10 og 4.000 kWst notkun á ári. Leiðrétt mv. byggingarvísitölu.

LYKILTÖLUR ÚR DREIFIKERFI 2019

Háspennt dreifikerfi

		Línur	Strengir	Aflrofar		
66 kV	m	13.349	0	66 kV	stk.	4
33 kV	m	78.746	4.632	33 kV	stk.	10
19 kV	m	135.600	103.581	19 kV	stk.	25
11 kV	m	328.651	356.914	11 kV	stk.	146
6 kV	m	46.286	23.249	6 kV	stk.	3
		602.632	488.376		Samtals	188
		Samtals	1.091.008			


Götulýsing

Spennar					
Dreifispennar	stk.	882	Ljósastólpar	stk.	2.580
Aflspennar	stk.	63	Ljósþúnaður	stk.	2.791
			Útilýsing uppsett afl	kW	412



Haukadalslína sett í jörðu í Dýrafirði.

RAFORKUKERFI VESTFJARÐA



KYNDISTÖÐVAR

	Árið 2019 – Orkunotkun							2018
	Uppsett afl		Afltoppur				Orkunotkun	
	Olíukatla MW	Raforka MW	Raforka MW	Olía MWst	Raforka MWst	Borholur MWst	Samtals MWst	Samtals MWst
Skutulsfjarðareyri	10,0	10,0	7,24	1.262	38.729		39.991	39.769
Holtahverfi, Ísafirði	3,0	2,4	1,37	146	7.188		7.334	7.469
Bolungarvík	3,0	3,0	3,89	302	12.870		13.172	13.039
Patreksfjörður	3,0	3,0	2,54	478	13.811		14.289	14.982
Flateyri	2,0	1,2	1,12	202	5.425		5.627	5.603
Suðureyri	3,0	1,2	0,98	162	6.026	915	7.103	7.199
Samtals	24,0	20,8	17,14	2.553	84.048	915	87.516	88.063



Við Hvítanes í Skötufirði. Lagning sæstrengs yfir að Skarðseyri.

